

# Ráðleggingar við einkennum / erfiðleikum í kviðskilun

Ýmis einkenni og erfiðleikar geta komið upp við kviðskilun. Hér er listi yfir helstu vandamál sem upp geta komið og ráðleggingar um hvernig hægt er að bregðast við þeim. Alltaf er velkomið að hafa samband við skilunardeild um aðstoð.

Einkenni / erfiðleikar	Hugsanleg orsök	Ráðlegging
Bakverkir	Breyttur þyngdarpunktur vegna skilvökvans	Sittu eða stattu til að jafna þrýstingi í kviðarholi.
	Loft undir þind	Hringdu á skilunardeild á opnunartíma.
	Kviðleggur hefur færst til	Hringdu á skilunardeild á opnunartíma.
Bilun í vél		Aftengja sig og slökkva á vél. Tæma skilvökva úr kvið í tæmingarpoka ef þarf. Hafa samband við skilunardeild á opnunartíma.
Bjúgur	Of mikil vökvasöfnun	Notaðu sterkari skilvökva (2,3% eða 4,25%). Minnkaðu vökva- og saltneyslu.
Dræmt innrennsli	Er klemman opin?	Opna klemmu.
	Er brot eða snúningur á slöngu?	Rétta úr slöngu.
Dræmt útrennsli	Er klemman opin?	Opna klemmu.
	Er tæmingapoki hærrí en kviðarhol?	Lækka tæmingapoka niður fyrir kviðarhol.
	Er brot eða snúningur á slöngu?	Rétta úr slöngu
	Stífluð slanga?	Hringdu á skilunardeild á opnunartíma.
	Eru hægðir tregar?	Sjá um hægðatregðu hér að neðan.
Endi kviðskilunarslöngu snertir umhverfi	Óhapp	Skrúfa nýjan tappa á kviðskilunarslönguna og hafa á henni í 10 mínútur. Byrja síðan þar sem frá var horfið.
Gallaður poki	Mistök í framleiðslu	Hættu við að nota pokann og taktu nýjan. Geymdu gallaða pokann og hafðu samband við skilunardeild á opnunartíma.

Einkenni / erfiðleikar	Hugsanleg orsök	Ráðlegging
Hægðatregða	Ófullnægjandi fæði	Borðu meira af ávöxtum, grænmeti og trefjaríkum mat.
	Lyf	Ef til vill er hægt að breyta lyfjum. Hafðu samband við hjúkrunarfræðing á skilunardeild á opnunartíma.
	Slappir þarmar	Taktu inn hægðalyf samkvæmt ráðleggingum. Reyndu að hreyfa þig meira.
Kviðverkir	Kaldur skilvökvi	Hita skilvökvann í líkamshita fyrir skiptingu.
	Of hratt innrennsli	Hægðu á innrennsli með stilliskifunni.
	Lífhimnubólga	Láttu skilvökvann renna út. Ef hann er skýjaður hringdu á skilunardeild á opnunartíma. Utan opnunartíma hringdu í skiptiborð Landspítala og fáðu samband við nýrnasérfræðing á bakvakt á skilunardeild.
Ógleði	Vökvi í kviðarholi	Reyndu að láta skilvökvann renna hægar inn. Borðu fleiri en smærri máltíðir. Borðu meðan skilvökvinn rennur út. Ræddu við lækinn um ógleðilyf.
	Hægðatregða	Sjá um hægðatregðu hér að ofan.
Sinadráttur	Of mikill vökvi tekinn af í skilun	Bættu upp vökva og saltskort með súpu eða vatni og saltkexi. Ertu að nota réttan styrkleika af skilvöka?
Skýjaður skilvökvi, kviðverkir, hiti, fibrinflygsur, niðurgangur af og til	Lífhimnubólga	Hringdu tafarlaust á skilunardeild á opnunartíma hennar. Utan opnunartíma hringdu í skiptiborð Landspítala og fáðu samband við nýrnasérfræðing á bakvakt á skilunardeild.
Slappleiki	Próteinskortur	Ræddu við næringarráðgjafann um aukna próteinneyslu.
	Prekleysi	Auktu hreyfinguna.
	Blóðleysi	Læknir kann að vilja taka blóðprufu og athuga lyfjagjöf
	Lækkaður blóðþrýstingur	Hringdu á skilunardeild á opnunartíma. Athuga þarf vökvajafnvægi og lyf.
	Kalíumskortur	Hringdu á skilunardeild á opnunartíma. Mæla þarf kalíum í blóði.

Einkenni / erfiðleikar	Hugsanleg orsök	Ráðlegging
Svimi	Lækkaður blóðþrýstingur	Hringdu á skilunardeild á opnunartíma. Athuga þarf vökvajafnvægi og lyfjagjöf.
	Of mikið vökvatap í skilun	Bættu upp vökva og saltkort með súpu eða vatni og saltkexi.
Vessi og/eða hrúður við húðop	Sýking?	Hringdu á skilunardeild á opnunartíma. Taka þarf sýni frá húðopi og e. t. v. að gefa sýklalyf.

### Símanúmer

Skilunardeild: Opið kl. 8 – 20 mánudaga til föstudaga og kl. 8 – 16 um helgar, s. 543 6310 / 543 6315

Skiptiborð Landspítala: Opið allan sólarhringinn, s. 543 1000.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.,,

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.